

## Erindi

Dagsetning: 03.09.2024

Höfundur: Klifurfélag Reykjavíkur



Viðtakandi: Eiríkur Björn Björgvinsson, Sviðsstjóri Menningar-, íþróttasviðs Reykjavíkurborgar

### Efni: Húsnæðisvandi Klifurfélags Reykjavíkur

Klifurfélag Reykjavíkur (KFR) hefur ítrekað sent erindi á Menningar- og íþróttasvið vegna húsnæðisvanda og aukins rekstrarkostnaðar félagsins en því miður hefur ekkert svar enn borist. Félagið hefur ráðist í þó nokkrar breytingar síðan fyrsta erindið var sent. Fyrst ber að nefna að félagið lauk árið 2022 við endurnýjun á leigusamning við eigendur að aðstöðu félagsins í Ármúla 23 sem fól í sér verulega hækkun, sem núna er orðin um 1.000.000 kr, á þeim leigugjöldum sem félagið hafði notið í 10 ár. Mánaðarleiga fyrir Ármúla 23 er nú um 1.950.000 kr. á mánuði og er vísitölutengd. Með þessari endurnýjun á samningum tryggði félagið starfsemina næstu 5 árin, en nú eru einungis 3 ár eftirstandardi af þeim leigutíma. Því til viðbótar stækkaði félagið æfingaraðstöðu sína með leigu og uppbyggingu á húsnæði við hliðina, í Ármúla 21, og var síðasta vísitölutengda leigugreiðsla þar komin í 2.026.531 kr.

Þessi tvö skref voru nauðsynleg því húsnæðið í Ármúla 23 var löngu sprungið og félagið gat ekki lengur sinnt grunnþörfum iöknda með fullnægjandi hætti. Starfsemi félagsins í tveimur aðskildum húsum er þó langt frá því að vera ákjósanleg. Félagið hefur alfarið staðið sjálft undir þeim kostnaði sem fólst í þessum framkvæmdum og stækkan aðstöðunnar og sendum við því aftur þetta erindi þar sem við ítrekum og biðlum til ykkar að styrkja stoðir klifurs á Íslandi.

Rekstrar- og þjónustustyrkur félagsins hefur verið óbreyttur síðan 2011 og ekki hækkað í takt við verðlag og biðjum um að þetta verði tekið fyrir við næstu fjárhagsáætlunargerð. Öll starfsemi félagsins hefur aukist talsvert sem hefur þýtt fleiri þjálfarar, meira utanumhald og aukinn launakostnaður. Stjórn og starfsmenn KFR óska því eftir að mánaðarlegur rekstrarstyrkur Reykjavíkurborgar til félagsins hækki um það sem nemur framangreindri hækkun á leiguverði félagsins, eða sem nemur í kringum 3.000.000 kr. og að þjónustustyrkur að upphæð 3,3 milljónir á ári verði endurmetin í samræmi við launavísitölu og verðlagsþróun.

Einnig viljum við nýta tækifærið og inna eftir svörum frá ÍTR um hverjar framtíðarhorfur félagsins eru vegna áætlana um stækkan á húsnæði og flutning á starfsemi félagsins í Toppstöðina í Elliðaárdal. Eins og staðan er í dag er viðtæk starfsemi í húsnæði félagsins með um 600 börn og ungmenni, þar af um 40 afreksíþróttamenn og yfir 1600 iökendur í heildina. Það má líka koma fram að iökendur KFR eru af öllum kynjum og eru allar æfingar okkar kynlausar og öll fá sömu þjálfun og umönnun. Mikilvægt er fyrir sérgreinafélag, líkt og Klifurfélag Reykjavíkur, að geta fundið varanlegt húsnæði fyrir starfsemi félagsins til lengri tíma. Við erum tilbúin veita nánari upplýsingar og svara spurningum sem vakna og óskum eftir fundi vegna þessara mála sem fyrst.

Virðingarfyllst,

Stjórn, starfsmenn Klifurfélags Reykjavíkur og Framkvæmdastjóri